

## 5. gr.

## XII. kafli reglugerðarinnar orðist þannig:

## Um bryggjugjöld.

## 38. gr.

Hvert skip, sem leggst við bryggju eða bólvirki hvar sem er á höfninni eða að skipi, sem liggur við bólvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald eftir stærð skipsins, talið í heilum rúmlestum, en brotum skal sleppa.

Gjöldin skulu vera sem hér segir:

- a. Bátar og skip samkv. 25. gr. a-lið greiði kr. 6.00 af hverri brúttólest árlega.
- b. Bátar og skip, sem um getur í b-lið 24. gr., greiði fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring kr. 0.45 af hverri brúttólest.
- c. Strandferðaskip, sem um getur í c-lið 24. gr., greiði kr. 0.45 af hverri nettólest í hvert skipti, sem þau koma til hafnarinnar.
- d. Öll önnur skip, nema varðskip og björgunarskip, greiði kr. 0.75 fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring.

Bryggjugjald samkvæmt b-, c- og d-liðum þessarar greinar skal aldrei vera lægra en kr. 50.00 í hvert sinn.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt lögum um hafnargerðir og lend-ingarbætur, nr. 29 23. apríl 1945, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 117 30. júlí 1957, um breyting á hafnar-reglugerð fyrir Dalvík, nr. 157 17. júlí 1950.

*Samgöngumálaráðuneytið, 26. marz 1965.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

Nr. 60.

29. marz 1965.

**REGLUGERÐ****um fasteignaskatt í Seyðisfjarðarkaupstað.**

Fasteignaskatt í Seyðisfjarðarkaupstað skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. marz 1965.*

**F. h. r.**

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrimur Dalberg.*